

Reglur um frístundakort

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um útgáfu frístundakorta vegna barna og unglunga, á aldrinum 6-18 ára þ.e. frá árinu sem þau verða 6 ára til og með árinu sem þau verða 18 ára, og eiga lögheimili í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Markmið

Markmið með þessum reglum er að jafna tækifæri og auka möguleika barna og unglunga, sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra, til að stunda íþróttir og tómstundir við sitt hæfi. Auk þess er þeim ætlað að vera hvatning til heilbrigðrar tómstundaiðkunar, þátttöku barna og unglunga í félagsstarfi og til lækkunar á kostnaði heimila.

3. gr.

Frístundakortið

Húnaþing vestra útbýr frístundakort fyrir foreldra eða forráðamanna barna og skal hvert bréf vera merkt kennitölu viðkomandi barns. Styrkurinn skal nýtast til skipulagðs íþrótt- og tómstundastarfs. Heimilt er að nýta frístundakortið til starfsemi íþróttafélaga og skipulagðs félags- og tómstundastarfs í Húnaþingi vestra sem greitt er fyrir með þáttökugjöldum. Styrkurinn getur náð til allrar frístundaiðkunar, þ.m.t. tónlistar- og listnáms. Styrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar. Frístundakortið miðast við almanaksárið og skal nýtast innan þess. Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra fjárhæð frístundakorts næsta árs.

4. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi á sama tíma reglur um frístundakort sem samþykktar voru í sveitarstjórn þann 10. nóvember 2016.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnaþing vestra þann 14. maí 2020.